

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Sönnu Magdalenu
Mörtudóttur
borgarfulltrúa

www.borgarblod.is

Litasprengjur í Hljómskálagarðinum

Litapema ræður ríkjum í Hljómskálagarðinum og sannkallaðar litasprengjur eru út um allt í garðinum. Þemalitirnir í sumarblómunum í ár eru bleikur, fjólublár og gulur.

Þorsteinn Magni Björnsson garðyrkjufræðingur hjá Reykjavíkurborg umsjónarmaður garðsins stendur fyrir þessu skemmtilega litavali. Síðustu tvö ár voru þemalitirnir appelsínugulur, blár, gulur og fjólublár, þannig að litapemað hefur undanfarið verið hið sama tvö ár í röð hjá Þorsteini. Síðasta haust voru gerðar breytingar á beðinu sem liggur upp að Skothúsvegi, við bryggjuna eins og svæðið er kallað. „Gjarnan hefur flætt yfir gangstéttina og inn í beðið og út í tjörn með aurburði,“ segir Þorsteinn.



Fjölbreytt litaval í beðum í Hljómskálagarðinum.



Óðinsgata 1 - Reykjavík

Sími: 511 6367

Afgreiðslutími:

Mán: 10-16

Þri-fös: 10-18

Lau: 11-16

Netverslun:

sysstrasamlagid.is

Sjá nánar á
facebook.com/Sysstrasamlagid

- bls. 8
Hver var Sigurður
í Görðum?

- bls. 9
Skóflustunga í lok árs
á KR-svæðinu

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN hf

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafaryrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Melabúðin
VERSLUN SÆLKERANS

Styttist í haustið!

Nú er uppskerutími
-Íslenskt grænmeti í úrvali

Spergilkál, blómkál,
hvítkál, gulrætur,
rófur, grænkál,
kartöflur ofl.



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Borgarblöð ehf.
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
7. tbl. 26. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Um flug

Þegar gjósa tók á Reykjanesi í þriðja sinn á þremur árum fóru umræður um flug af stað. Alls ekki að ástæðulausu.

Aðilar sem sinna þyrluflugþjónstu fengu ný verkefni. Þyrlur hófu að taka á loft og lenda á Reykjavíkflugvelli nær allan sólarhringinn. Gosið varð um hásumar þegar nætur eru bjartar.

Þytur frá þyrluflugi fór fljótt að valda óróa á meðal íbúa í nágrenni flugvallarins. Vélarhljóð og spaðagnýr raskaða ró fólks á jörðu niðri.

Farið var að ræða um að finna þyrft þyrluflugþjónustunni annan stað enda þurfa þyrlur ekki flugbrautir líkt og vélflugur.

Augun hafa einkum beinst að Hólmsheiði. Nýju byggingarlandi Reykjavíkur. Hugmyndin hefur ýmsa kosti en tíma tekur að koma henni í framkvæmd. Ekki er nóg að steypa lendingarpalla fyrir þyrlurnar. Ýmsir innviðir þurfa að vera til staðar. Má nefna eldsneytisþjónustu og einnig samgöngur í því efni.

Eldvirknin á Reykjanesi vekur einnig upp aðra spurningu. Miða við að hún geti orðið varanleg um lengri tíma gæti þurft að íhuga annað flugvallarstæði fyrir innanlands- og millilandaflug en í Hvassahrauni sem er í nálægð við upptök eldanna. En hvar á að leita.

Fyrir austan fjall eða ofan Hvalfjarðar. Eða á að blása ryki af hugmyndinni um flugvöll utan Skerfjafjarðar.

Ef til vill er hún ekki svo galin. En miðað við framkvæmdatíma íslenskra innviða gæti farið svo að ungmenni dagsins í dag yrðu komin á efri ár þegar loftför færu að lenda á nýjum alþjóðaflugvelli hvar sem hann yrði staðsettur. Nema að erlendir aðilar myndu koma að verki.

Samningi um byggingar við Vesturbugt rift

- Vesturbugt telur riftunin ólögmdæta en lóðirnar verða boðnar út að nýju



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Grímur M. Jónasson, framkvæmdastjóri VSÓ og Bjarki A. Brynjarsson, framkvæmdastjóri Vesturbugtar skrifuðu undir samninginn í maí 2017 sem nú hefur verið rift.

Reykjavíkurborg hefur rift samningi við Vesturbugt ehf. um uppbyggingu við gömlu höfnina í Reykjavík. Ástæða riftunarinnar eru vanefndir vegna tafa. Forsvarsmenn Vesturbugtar ehf. telja riftunina á hinn bóginn ólögmdæta, meðal annars vegna þess að deiliskipulag fyrir svæðið hafi ekki verið samþykkt. Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að samningurinn um uppbyggingu á tveimur lóðum í Vesturbugt hafi verið undirritaður eftir forval og keppnisviðræður og á grundvelli tilboðs félagsins árið 2017.

Í samningnum fólst að Reykjavíkurborg seldi félaginu byggingarrétt á lóðunum Hlésgötu 1 og Hlésgötu 2, þar sem heimilað var í samræmi við deiliskipulag að byggja allt að 18.400 fermetra húsnæði ofanjarðar auk bílakjallara og geymslna. Miðað var við að íbúðir yrðu allt að 176 og atvinnuhúsnæði um 1.665 fermetrar. Vesturbugt ehf. bauðst í tilboði sínu til þess að greiða fyrir lóðirnar og byggingarréttinn með því að afhenda Reykjavíkurborg kvaðalaust um 74 íbúðir í húsunum og 170 bílastæði í bílakjallara. Vesturbugt ehf. hefur ekki hafið framkvæmdir og allir umsamdir frestir félagsins

til að byggja á lóðunum eru liðnir. Vegna þessara vanefnda hefur Reykjavíkurborg því rift samningnum við Vesturbugt ehf. um uppbyggingu á lóðunum og afturkallað úthlutun til félagsins á lóðinni Hlésgötu 1. Nú er í undirbúningi lítilsháttar endurskoðun á gildandi deiliskipulagi fyrir Vesturbugt. Reykjavíkurborg áformar að lóðirnar verði boðnar út að nýju í haust.

Dótturfélag fasteignafélagsins Kaldalón hf. er langstærsti hluthafi Vesturbugtar ehf., Í tilkynningu Kaldalóns til kauphallar um að samningnum hefði verið rift segir að Vesturbugt ehf. telji riftun Reykjavíkurborgar ekki lögmdæta, meðal annars þar sem deiliskipulag fyrir Vesturbugt, sem sé nauðsynlegur undanfari framkvæmda, hafi ekki enn verið staðfest. Þá hafi Reykjavíkurborg gert kröfur um tryggingar, sem geri viðskiptabönkum ókleift að fjármagna verkefnið. Þannig séu í raun brostnar forsendur fyrir því. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hefur sagt þessar fullyrðingar vera fyrirlátt hjá Kaldalóni ehf. Riftunin sé fullkomlega eðlileg miðað við forsögu málsins. Félagið hafi ekki hafið framkvæmdir og allir umsamdir frestir Vesturbugtar ehf. til að byggja á lóðinni liðnir.

Nýtt hús heilbrigðis-vísindasviðs HÍ

Fyrsta skóflustunga nýs húss heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands á lóð Landspítalans í Vatnsmýri var tekin í júlí sl. Húsinu er ætlað að gjörbylta aðstöðu háskólans til kennslu og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Húsið verður hátt í 10.000 fermetrar að flatarmáli og er ætlað að byggingu þess ljúki síðla árs 2026. Jón Atli Benediktsson rektor og Unnur Þorsteinsdóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs tóku skóflur í hönd ásamt nemendunum Sigríði Helgu Kárdal Ásgeirsdóttur og Daniel Thor Myer, sem bæði eru í sviðsráði heilbrigðisvísindasviðs og í stúdentaráði HÍ.

Ásdís Halla Bragadóttir, ráðuneytisstjóri háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins sá um skóflustunguna í fjarveru Áslaugar Örmu Sigurbjörnsdóttur ráðherra. Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítalans, beitti skóflunni fyrir hönd Landspítala háskólasjúkrahúss. Jón Atli Benediktsson rektor sagði þetta mikinn gleðidag en húsið mun rísa austan við Læknagarð sem hýsir nú hluta af starfsemi heilbrigðisvísindasviðs. Sameining eininga á sviði heilbrigðisvísinda undir einu þaki mun leiða til meiri samvinnu þvert á þær allar jafnt í kennslu sem rannsóknum. Stoðþjónusta deilda og sviðs sameinast hér í öfluga heild sem vinnur þvert á deildir. Bygging húsnæðisins hefur verið lengi í bígerð, en frumathugun



Skóflurnar komnar í hendur við væntanlegan grunn heilbrigðisvísindasviðshússins.

á nýju húsnæði fyrir heilbrigðisvísindi innan Háskóla Íslands hófst árið 2005.

Í tilkynningu sem Háskóli Ísland sendi frá í tilefni af skóflustungunni kemur fram að allar deildir heilbrigðisvísindasviðs muni koma til með að njóta góðs af byggingunni sem nýtt verður til bæði kennslu og rannsókna. Um tveir áratugir eru liðnir frá frumathuguninni og hafa ýmsir vinnuhópar innan HÍ og víðar komið að hönnun kennslurýma, rannsóknarstofa og skrifstofurýma. Áætlað að byggingin verði tilbúin undir lok árs 2026.

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á Facebook

TRYGGÐU ÞÉR NÝJU SÍRÍUS KÖNNUNA

Kauptu tvo pakka af Síríus suðusúkkulaði og fáðu
nýju Nóa Síríus könnuna í kaupbæti.



...sem Íslendingar hafa stólist í síðan 1933



Við erum of rík til að vera fátaek

- segir Sanna Magdalena Mörtudóttir borgarfulltrúi

Sanna Magdalena Mörtudóttir hefur setið fyrir Sósíalistasflokkinn í borgarstjórn Reykjavíkur í rúm fimm ár. Hún segir að kröpp kjör þeirra mæðgna í æsku sinni hafi beint sér inn á þá braut. Hún er með bakgrunn í mannfræði og kveðst hafa mikinn áhuga á fjölbreytileika mannlífsins. Að skoða hlutina heildstætt og í félagslegu- og menningarlegu samhengi. “Slíkt hefur nýst mér í fræðilegri umfjöllun jafnt sem við hversdagslegar kringumstæður,” segir Sanna í samtali við Vesturbæjarblaðið.

Hvað kom til að Sanna snéri sér að borgarpólitík og tók sæti í borgarstjórn. Hún segir það eiga rætur í að hún hafi verið að fjalla opinberlega um að hafa alist upp í fátaekt. Hvernig hafi verið að alast upp með einstæðri móður sem vann í láglaunastarfi í leikskóla hjá Reykjavíkurborg og vann við þríf í aukastarfi á tímabili. “Við vorum á leigumarkaði sem var erfiður eins og hann er enn í dag og tekjur hennar dugði ekki til annars en brýnustu lífsnauðsynja. Ég fór að skrifa á Facebook um þessa reynslu okkar. Ég var hreinskilin í skrifum mínum og beitti stundum gamansemi eða húmor. Ég var að gera grín að aðstæðum að einhverju leyti en einnig að leggja áherslu á hvað ég var að fjalla um. Við hvaða aðstæður fátaekt fólk og ekki síst börn geta lent í. Þessi skrif mín fóru á eitthvert flug og mér var boðið að koma í útvarp til að ræða þessi mál. Mikael Torfason var þá með þætti sem hétu “Fátaekt fólk” og ég mætti til hans í viðtal. Í framhaldi af því kynntist ég hópi fólks sem var að ræða um hvort stofna þyrfti vinstri flokk sem væri að vinna eftir sósíalískri hugmyndafræði. Flokk sem væri til vinstri við aðra stjórn málaflökka þar á meðal Vinstri græn. Ég gekk síðan til liðs við þetta fólk og er ein af stofnfélögum í Sósíalistasflokki Íslands sem var stofnaður fyrsta maí 2017.”

Stefnan í launamálunum hefur ekki virkað

Sanna segir að í framhaldi af þessu hafi hún verið beðin um að taka sæti á framboðslista fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2018. Hún kveðst hafa hugsað sig vel um en komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri það sem hana langaði að gera. Að nýta reynslu sína inn í borgarmálin og í þágu borgarbúa. “Þetta tengist því að Reykjavíkurborg hefur lengi verið láglaunavinnustaður eins og sveitarfélögin eru. Stefna þeirra í launamálum hefur ekki verið að virka nægilega vel. Síðan koma húsnæðismálin þar sem sífellt bið er eftir félagslegu húsnæði. Ég var 26 ára þegar ég var kosin fyrst í borgarstjórnina 2018 og sló þar með 44 ára gamalt met Davíðs Oddssonar sem fram að því var sá aðili sem hafði yngstur verið kjörinn borgarfulltrúi. Nú er ég er á öðru kjörtímabil í borgarstjórn og Sósíalistasflokkurinn er með tvo borgarfulltrúa. Hann hlaut 7,7% atkvæða árið 2022 en 6,37% árið 2018 þegar ég fór fyrst inn.”

Sveitarfélögin geta gert margt

“Misskiptingin í samfélaginu er ástæða þess að ég fór að skipta mér af stjórn málum.

Margt þarf að uppræta í því efni og þar geta sveitarfélögin komið að verulegu leyti að málum. Þau geta gert margt til þess að laga þetta ástand. Þar bera húsnæðismáli einna hæst og einnig að breyta um launastefnu.” En hvernig var Sönnu tekið þegar hún kom ný inn í borgarmálin með sósíalískan bakgrunn. “Ég get alveg sagt að mér var oft bent á að ég væri að misskilja hlutina. Stundum var að ég held reynt að gera lítið úr mér. Ég væri bara einhver ung kona sem vissi ekkert í minn haus sem auðvitað er ekki rétt. Þau voru að lýsa sínum veruleika og ég mínum.” Sanna segir að hún hafi oft fengið að heyra þegar hún var að gagnrýna að hefð væri fyrir hinu og þessu í borgarmálunum. “Eins og búið væri að ákveða eitthvað fyrirfram og ráðandi öfl ekki tilbúin til að líta út fyrir þann ramma. Mér finnst mikilvægt að spyrja af hverju hlutir eru gerðir svona og hvort réttara væri að gera þá með öðrum hætti. Mér finnst mikilvægt að mál séu í sífelldri endurskoðun en festist ekki í hefðum sem stundum er erfitt og jafnvel ómögulegt að breyta.”

Hefðarmennskan virkar ekki

“Hefðarmennskan er ekki að virka í Reykjavík,” segir Sanna. “Hér eru ýmis vandamál sem hefur reynst erfitt að leysa. Þar á ég einkum við þann reynsluheim sem ég kem úr. Hér eru húsnæðisvandræði. Börn þjást af því þau búa ekki í nægilega góðu húsnæði. Jafnvel húsnæði sem ekki er ætlað til búsetu. Hér er fátaekt. Hér er fólk sem ekki hefur nóg að borða. Foreldrar halda í við sig í mat vegna barnanna. Börn fara jafnvel svöng að sofa. Þetta er til og þessu þarf að breyta. Ég byggi mína pólitík á minni reynslu og þeirra sem við erum að berjast fyrir. Ég byggi á reynslu fólks sem þekkir til. Fólks sem býr við fátánaga lágar tekjur grípur ekki í sameiginlega sjóði. Öflugar grunnstöðir eiga að vera fyrirbyggjandi. Við erum of rík til að vera fátaek.”

Kunni ekki íslensku sem barn

Sanna ólst upp í Bretlandi fyrstu ár ævi sinnar en síðan í Breiðholti. “Ef ég byrja á byrjuninni þá er ég fædd á Landspítalanum í Reykjavík 1992. Nokkurra vikna fór móðir mín með mig til London þar sem föðurfjölskylda mín býr en hún er ættuð frá Tansaníu. Þessi dvöl okkar mæðgna í stórborginni varði í sjö ár. Við fórum aldrei til Íslands þennan tíma og ég talaði bara ensku. Við komum heim 19. desember 1999 þegar ég var ég sjö ára. Eftir heimkomuna fór ég í Háteigsskóla. Í nýbúaðeildina þar eins og hún hét þá. Þar



Sanna Magdalena Mörtudóttir borgarfulltrúi. Mynd: Rúnar Gunnarson.

lærði ég íslensku. Hún var fljót að koma með kennslu og innan um krakka sem töluðu móðurmálið. Ég fór strax að reyna að tala íslensku og fjölskyldan gerði grín að mér um jólin þegar ég sagði “thorcaunt” messa í staðinn fyrir Þorláksmessa. Þegar ég lít til baka þá talaði móðir mín ensku við mig fyrst eftir að við komum. Einn daginn þegar ég kom heim úr skólanum spurði hún mig hvernig dagurinn hafi verið og ég svaraði henni á íslensku. “Vá er þetta komið hjá þér.” Hún varð hissa og eftir þetta fórum við að tala saman á íslensku heima. Einnig hjálpaði til að koma inn í fjölskyldu sem talaði íslensku og hún varð þannig fljót að móðurmáli. En mér finnst sérstakt þegar ég hugsa til baka að hafa ekki alist upp við eða kunnað íslensku sem barn.” Sanna hefur ekki komið til Tansaníu en langar til að fara þangað og skoða landið þar sem hluti róta hennar liggja. “Ég hef ekki mikið samband við föður minn en er í sambandi við systur hans og systurdætur í Englandi sem er mjög skemmtilegt. Ég hef því miður ekki lært móðurmál föðurfjölskyldunnar sem er Svahílí og er opinbert tungumál í fjórum ríkjum sunnan Sahara. Þar á meðal í Tansaníu.

Frænkur mínar eru stundum að senda mér skilaboð á Svahílí og ég þarf að nota Google translate til þess að þýða það. Ég hef þó áhuga á að kynna mér tungumálið og vonandi fæ ég tækifæri til þess.”

Erfitt á leigumarkaði

Sanna segir að þær mæðgur hafi verið talsvert á flakki í hverfi 105. “Erfitt var að vera á leigumarkað. Móðir mín var alltaf leitandi að íbúð fyrir okkur sem væri ekki mjög dýr sem var erfitt þá eins og nú og hefur alltaf verið. Hún var áskrifandi að leigulistanum og eitt sinn fórum við í blaðaviðtal þar sem við ræddum þennan vanda. Á eftir fór fólk að hafa samband við okkur og bjóða fram húsnæði en það var ekki alltaf eitthvað sem hentaði. Ef ég man rétt var okkur boðin ósamþykkt íbúð sem hefði ekki gengið upp. Eftir þrjú á biðlista eftir félagslegri íbúð fáum við íbúð við Vesturberg í Efra Breiðholti. Þetta var á miðju skólaári og ég lauk því við fimmta bekkinn í Háteigsskóla. Ég tók strætó niður eftir og aftur heim á daginn. Af því ég var hávaxin héldu vagnstjórnirir stundum að ég væri eldri en ég var og væri að svindla mér í strætó.



Haustið eftir tók Fellaskóli við. Ég byrjaði í sjötta bekk og útskrifaðist þaðan. Fellaskóli er mjög góður skóli. Mér leið vel þar. Þorsteinn Hjartarson var þá skólastjóri og Kristín Jóhannesdóttir sem síðar varð skólastjóri um tíma var yfirkennari eða aðstoðarskólastjóri. Ég hef alltaf haft gaman af námi nema ef til vill stærðfræði sem liggur ekkert sérstaklega vel fyrir mér. En ég hef alltaf haft mikinn áhuga fyrir félagsvísindum.”

Gott að vera í Breiðholti

“Mér fannst gott að vera í Breiðholti. Hverfið er vel skipulag. Byggðin er opin og auðvelt fyrir krakka að labba um. Í Breiðholtinu þarf ekki að fara yfir stórar umferðargötur til þess að komast í skóla eða á frístundaheimili. Hverfið er mjög gönguvænt.” Sanna segist aldrei hafa verið í skipulegu félagsstarfi. Ég greip í skólagarðana. Ég hafði áhuga á dansi en við höfðum ekki peninga til þess að kosta dansnámskeið eða dansskóla. Ég átti hins vegar alltaf vinahóp í kringum mig og sem krakki vorum við mest úti að leika. Vinkona mín

átti heima í Vesturberginu við hliðina á okkur. Ég fór oft yfir til hennar og svo löbbuðum við saman í skólann. Vorum líka stundum á Leiknisvelliðum þótt ég væri ekki í fótbolta. Margt skemmtilegt var hægt að gera. Stundum var maður að labba heim til annarra krakka, dingla og spyrja hvort þú væru heima. Ég man líka eftir sjoppunum. Við vinkonurnar vorum að leigja vídeóspólur. Stundum voru tilboð og hægt að leigja eina nýja mynd og aðra gamla og kaupa snakk og gos. Sérstaklega ef við vorum að gista saman þá var þetta toppurinn. Ein eða tvær bíómyndir og snakk og gos. Nú er þetta allt horfið. Netmiðlar teknir við af véðóinu og verslanamennin hefur breyst.” Sanna víkur að Miðbergi. Rifjar upp að nokkrar stelpur hafi tekið þátt í hæfileikakeppni í söng. “Við æfðum atriðið okkar og fluttum það í Miðbergi. Þetta var skemmtileg upplifun og sjálfsöryggið jókst til muna. Ég var stundum í Miðbergi einkum þegar ég var yngri. Ég kom í hverfið tíu ára og var byrjuð að kynnast krökkum þótt ég væri enn í Háteigsskóla.”

Styrkur fólgin í fjölbreytninni

Sanna snýr sér að fjölmennunni sem einkennir Breiðholt mörgum byggðum fremur en einnig miðborgina. Hún segir fjölmenningu meira áberandi eftir því sem fólk komi víðar að. “En ef ég lít til baka þá var ég með krökkum í skóla sem voru með brúnt litarhaft. Ýmist af blönduðum uppruna eins og ég er eða börn aðflutts fólks. Annað sem ég upplifði eftir að ég kom í Breiðholt var að þar virtust fleiri börn sem áttu fátækt fólk að sem lifðu efnahagslegan skort en til dæmis í Háteigsskóla. En ég held að ákveðinn styrkur sé fólgin í fjölbreytninni. Að allir séu ekki eins og eigi sér mismunandi bakgrunn.”

Vesturbærinn er skemmtileg byggð

En svo liggur leiðin í Vesturbæinn. “Já svo tók Vesturbærinn við. Þegar ég hóf nám við Háskóla Íslands bjó ég á stúdentagörðunum sem voru fyrstu kynni mín af Vesturbænum. Eftir það fór ég fljótlega að leita mér

að íbúð í Vesturbænum. Þegar ég var komin í borgarstjórn sá ég líka kost í því að vera nálægt vinnustöðvunum í Ráðhúsinu. Ég er með bílpróf en er ekki á bíl og geng því oftast niður í Ráðhús. Þetta hentar mér ágætlega. Nú er ég búin að vera fimm ár í Vesturbænum. Ég segi stundum að ég sé nýlega flutt í Vesturbæinn því mér finnst ég vera svo mikill

Breiðhýltingur. Ég tengi svo margt við Breiðholtið. Eitt af því sem mér finnst gott við Vesturbæinn er að búa nálægt sjónum og geta farið í göngutúra við sjávarsíðuna og svo er stutt í flest allt. Vesturbærinn er skemmtileg byggð.”

AS WE GROW

ICELAND



ALPACA PEYSUR

KLAPPARSTÍG 29
ASWEGROW.IS

BÝR DANSARI Í ÞÉR?

BALLET

FJÖLSKYLDUTÍMAR

FLAMENCO

KRÍLADANS

NÚTÍMADANS

PILATES

SKAPANDI DANS

STRÁKATÍMAR



DANS FYRIR ALLA!
DANSGARDURINN.IS



Álfabakki

-

Grensásvegur

-

Eiðistorg



FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

Skráning: 18. ágúst - 3. september
á slóðinni www.fa.is/fjarnam
Önnin hefst 6. september



Holtsgata Brekkustígur

Úr fimm íbúðum í fimmtán

Á horni Holtsgötu og Brekkustígs.

Auglýst hefur verið tillaga að deiliskipulagi lóða á horni Holts-götu og Brekkustígs. Á lóðunum standa tvö gömul hús sem verða rifin og stærri hús byggð í staðinn. Annað húsanna er ónýtt af völdum veggjatítlu.

Fimm íbúðir eru nú á reitnum alls 862 fermetrar en verða eftir uppbyggingu 15 talsins alls 1.790 fermetrar. Þar sem lóðirnar eru í grónu hverfi í Vesturbænum má búast við því að ekki verði allir sáttir við þessa breytingar eins og þær athugasemdir gefa til kynna, sem borist hafa nú þegar Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 24. maí 2023 og borgarstjórnar Reykjavíkur 20. júní 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið. Fram kemur í greinargerð að með deiliskipulagstillögunni að leitast verði við að mæta þeim markmiðum sem sett eru fram í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 þar sem lögð er áhersla á sjálfbæra þróun, fjölbreytt framboð íbúða á þét-tingarsvæðum ásamt aukinni áherslu á vistvænar samgöngur.

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Miklar hugmyndir um íbúðabyggð við Birkimel

Á þessari tölvumynd má sjá hvernig arkitektar Nordic Office of Architecture hugsa sér byggingar við Birkimel og nágrenni.

Hugmyndir eru um nýja íbúðabyggð á lóð Orkunnar við Birkimel. Bensinstöð var á lóðinni í árana rás en rekstri hennar hefur verið hætt. Sent hefur verið fyrirspurn til borgaryfirvalda frá félaginu Reir þróun um breytingu á deiliskipulagi og mögulega uppbyggingu á lóðinni og nærliggjandi lóðum milli lóðar Orkunnar og Eddu húss íslenskunnar þar sem nú eru bílastæði.

Tillaga er gerð um að byggja 16 hús sem verði allt að 15.500 fermetrar. Gert er ráð fyrir sameiginlegu bílastæðahúsi og möguleika á að stækka bílakjallara við Eddu. Aðdragandi þessara hugmynda er samningur

Skeljar (áður Shell) við F33 ehf. sem er í eigu Hilmars Kristinssonar og Rannveigar Einarsdóttur eigenda Reirverks um að þróa uppbyggingu á lóðinni við Birkimel. Í framhaldi af því var félagið Reir þróun stofnað sem er í helmingseigu fyrrnefndra hjóna og Skeljar. Markmiðið með hugmyndinni er að þróa þéttingarreit í Vesturbænum, í nálægð Miðborgarinnar og Vatnsmýrarinnar og í nálægð við marga af fjölmennustu vinnustöðum á höfuðborgarsvæðinu. Má þar nefna allt svæði Háskóla Íslands, Landsspítalann, Íslenska erfðagreiningu, Grósku og Alvotech svo nokkurs sé getið.

Vilja íbúðir í Austurstræti 12 til 14

Reitir fasteignafélag hefur sent Reykjavíkurborg fyrirspurn um hvort breyta megi efri hæðum húsa á lóð 12 til 14 við Austurstræti í íbúðir samkvæmt uppdráttum THG arkitekta. Þær eru ætlaðar til langtímaleigu enda skammtímaleiga óheimil á svæðinu. Umrædd hús eru á milli Austurstrætis og Austurvallar.

Verkefnastjóri skipulagsfulltrúa bendir á í umsögn sinni að um sé að ræða verndaða götumynd og húsinn séu ýmist friðuð eða umsagnarskyld og því þurfi að leita til Minjastofnunar um breytingar á þeim. Verkefnastjórinn segir að fara þurfi varlega í allar breytingar og umsögn Minjastofnunar eigi að fylgja umsókn um breytingu á deiliskipulagi. Í tillögu til borgarinnar er gert ráð fyrir 28 íbúðum en aðeins tvær eru stærri en 70 fermetrar. Meðalstærð miðað við uppgefna íbúðarfermetra sé um það bil 54 fermetrar. Alþingi hefur leigt hæðir í húsunum en starfsemi þess

Austurstræti 12 til 14.

verður flutt í nýtt hús Alþingis við Vonarstræti síðar á þessu ári. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur hefur tekið jákvætt í fyrirspurnina en með skilyrðum.

Opnunartímar:
Mán-Fös:
10:00-18:00
Laugardaga
10:00-16:00
Sunnudaga:
Lokað

Sjálfstætt starfandi apótek sem býður persónulega þjónustu og hagstæð verð á lyfjum og öðrum heilsutengdum vörum.

ÍSLANDS APÓTEK

Laugavegi 53b

S: 414 4646

Elli- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá Íslands Apóteki

Hagaskóli

Nemendur komnir á skólasvæðið



Hagaskóli.

Seinka þurfti skólasetningu Hagaskóla um nokkra daga vegna þess að húsnæði skólans er ekki tilbúið eins og til stóð. Allir nemendur muni þó komast að á skólasvæðinu strax í upphafi en ráð er gert fyrir að þröngt verði um skólastarf í Hagaskóla til að byrja með.

Lögd verður áhersla á að vel fari um nemendur og staðarfólk þar til næstu áfangar verða tilbúnir. Fleiri stofur koma til notkunar í áföngum nú í síðari hluta

september og um mánaðamótin september til október.

Hagaskóla var lokað vegna myglu fyrir rúmum tveimur árum og hófust þá umtalsverðar framkvæmdir og viðbyggingar við húsnæðis skólans. Á síðustu tveimur árum hefur kennsla farið fram í húsnæði Hótel Sögu, íð Ármúla og Korpuskóla. Nýtt og endurbyggt húsnæði Hagaskóla lofar góðu þrátt fyrir drátt á framkvæmdum en nú er að nást að allir nemendur komi saman á skólasvæðinu á nýjan leik.

við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADI fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

Á Hjálparmanum 1717 starfa sérþjálfar sjúkdógaþátt sem eru alltaf til taks

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Þínir menn í Vesturbænum

Ertu í hugleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur óskráðra eigna** sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

- Góð þjónusta
- Fagljósmyndun
- Sanngjörn sölubóknun

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur
Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Gunnar
S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Hver var Sigurður í Görðum?

- útvegsbóndi í Skerjafirði og einn þeirra sem lagði Reykvískri framtíð lið

Þótt Vesturbærinn byggðist upp frá Miðbæjarsvæðinu, einkum Aðalstræti og síðar vestur með sjávarsíðunni þar sem fiskimennska færði björg í bú á hann sér einnig annan uppruna. Sá er í Skerjafirði. Sunnan megin á nesinu sem Vesturbærinn og Seltjarnarnes standa á. Þar var snemma bæði stundaður landbúnaður og útvegur. Útvegsbændur festu sér ból og nokkur byggð þróaðist og tengdist byggð sem myndast hafði við sjósókn og búfjárhald á Seltjarnarnesi. Einn þeirra manna sem var frumkvöðull í Skerjafjarðarbyggðinni var Sigurður Jónsson í Görðum.

Sigurður var fæddur í Skildinganesi í Skerjafirði árið 1865 og bjó síðan í Görðum. Hann stundaði sjó bæði á árabátum og skútum auk þess að nýta landsins gæði og starfa við búskap. Sigurður var annálaður sjógarpur og var einnig þátttakandi í ýmsum breytingum sem urðu á atvinnuháttum og mörkuðu spor inn í framtíðina. Honum hefur verið lýst sem ötulum starfsmanni með sterka trú á landið og þjóðina. Í skapgerð hans og lífsviðhorfi hafi mátt finna alla bestu kosti sem íslenska þjóðin býr yfir.

Tengdi fortíð og framtíð

Í ævisögu Sigurðar sem rituð var af Vilhjálmí S. Vilhjálmssyni blaðamanni og rithöfundí kemur fram að menn eins og hann tengi saman fortíð og framtíð. Frá honum hafi komið dýrmæt reynsla og minningar um liðna atburði sem flust hafi á milli kynslóða. Sigurður ólst upp við fjöruborðið. Hann segir frá því að í æsku hafi flæðarmálið og skerinn verið helsti leikvangur sinn. Hinum megin Skerjafjarðar er Álfanes sem Sigurði þótti sem ungum dreng vera óralangt í burtu. Næstum eins og um annað land væri að ræða. Á Bessastöðum bjó þá Grímur Thomsen. Drengurinn í Görðum var stundum fenginn til að róa með Grím yfir á Álfanes eftir ferðir hans til Reykjavíkur. Grímur var umdeildur. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur og forseti Íslands sagði frá því í erindi sem hann hélt á ráðstefnu Bókmennta- og listfræðastofnunar Háskóla Íslands að andúð í garð Gríms Thomsens um hans daga sé vel dregin saman í fregninni frægu eða alræmdu sem Jón Ólafsson ritstjóri birti í blaði sínu og hljóðar svo. „Rétt áður en póstskipið fór að heiman síðast vildi það slys til að dr. Grímur Thomsen féll af hesti niður um ís á Lambhúsatjörn á

Álfanesi og drukknaði ekki. Íslands óhamingju verður allt að vopni.“

Ekki góðar minningar um Grím

Sigurður lýsir því að hann hafi ekki átt góðar minningar um þær sjóferðir er hann ferjaði Grím yfir Skerjafjörðinn en bætti þó í frásögnina Grími í vil. „Það var því líkast að hann sæi ekki snáðann sem reri þó undir honum. Aldrei rétti hann mér nokkurn skapaðan hlut, ekki einu sinni gráflíku eða rúsinuögn, hvað þá aura en mér skildist að skáldið væri aurasárt. Hins vegar efast ég ekki um að hann hafi haft stórt og ylríkt hjarta. Það sýna ljóð hans, auk karlmennskunnar, og sannast mun það vera að ljóðin lýsi Grími Thomsen best og verði rökvísi vitnisburðurinn um hann lífs og liðinn.“

Skildinganes frá fyrir eða um 1600

Lengi vel stóðu deilur um landamerki á milli Skildinganess og Reykjavíkur en Skildinganes er suðurhluti þess lands sem nú er borgarstæði Reykjavíkurborgar. Í sögu Reykjavíkur eftir Klemens Jónsson kemur fram að samkvæmt landamerkjaskrá frá um 1500 virðist nesið hafa verið hluti úr því sem kölluð var Víkurtorfan en Klemens dregur þær heimildir þó í efa. Ókunnugt mun hvenær Skildinganes hafi fyrst byggst vegna þess að hvergi megi finna heimildir um byggð þar í bréfum fram til um 1550. Elstu heimildir um jörðina eru bréf þar sem skólameistara í Skálholti eru lagðar jarðir til uppihalds 1553 og síðan bréf 1556 þar sem Knud Stensen hirðstjóri leggur jarðir Skálholtsstaðar á Álfanesi og Seltjarnarnesi undir konung.

Lítið graslendi

Árið 1801 voru íbúar Reykjavíkurkaupstaðar 311 talsins en í öllum Seltjarnarneshreppi sem Reykjavík tilheyrði þá bjuggu um 870 manns. Í kvosinni bjuggu einkum embættismenn, verslunarmenn og fólk sem hafði ofan af fyrir sér með margvíslegu handverki. Umhverfis bæinn bjuggu hjáleigumenn, þurrabúðarmenn og húsmenn og enn lengra í burtu voru fleiri býli og kot. Í Skerjafirði voru nokkur býli. Þar á meðal Garðar þar sem Sigurður Jónsson kleif ölduna í tvennum skilningi. Annars vegar sem sjógarpurinn en hinn sem framsækinn útvegsmaður og bóndi með trú á land og þjóð. Landbúnaður var þó ætíð erfiðleikum háður í Skerjafirði. Ræktanlegt land var lítið og erfitt um heyskap. Graslendi var þar sem olíustöð Shell var byggð síðar, en land sem nú er undir flugvellinum voru einkum gróðurlitlir melar. Áhersla var lögð á sléttun túna og unnið við það jafnvel á vetrum þegar tími gafst frá róðrum. Sigurður segir svo frá að faðir sinn hafi haft tvær kýr en tæpast verið hægt að ná fódri fyrir þar af heimatúninu. Því hafi hann haft slægjuland í Breiðholti vestur af Blesugróf og einnig á Kjalarnesi. Því má ljóst vera að aðdrættir hafi verið erfiðir þegar flytja þurftu heyfenginn á hestum um langar leiðir.

Leikin að umgangast fólk

Í ævisögu Sigurðar kemur fram afstaða hans til trúar. Tengist það einkum minningum um ömmu hans sem hann taldi sig eiga margt að þakka. Hann minnst morgunbænanna sem hún kenndi honum. Hann sagðist stundum hafa fundið fyrir ótta og kvíða sem barn og á síðari árum hafi honum fundist sem börn þjáðust meira af því en áður. Hann velti fyrir



Sigurður Jónsson útvegsbóndi í Görðum og frumkvöðull í Skerjafirði.

sér hvort ástæða þess væri sú að þau fengju ekki að njóta öryggis guðstrúarinnar. Hann sagði kyrrð og mildi ömmu sinnar hafa verið frábæra. Hún hafi spunnið þá þræði í sálarlíf sitt sem haldbestir hafi reynst sér og kvaðst í framhaldi vona

að líf sitt hafi aldrei valdið árekstrum eða sárindum fyrir samferðamenn sína. Þannig blandaðist ákveðin heimspeki inn í athafnasamt líf Sigurðar og leikni hans við að umgangast samferðafólk sitt.

**SÉRHÆFÐ
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
VEGNA BÚSETUSKIPTA
MEÐ ÁHERSLU Á 60+**

Vantar þig þjónustu
við dánarbússkipti,
sölu og ráðstöfun eigna?

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

**Sölufélag
garðyrkjumanna**

**Íslenskt
grænmeti**

**Þú veist
hvaðan það
kemur**

islenskt.is

Nýtt fjölnota íþróttahús KR

Skóflustunga í lok árs

Áætlað er að fyrsta skóflustungan að nýju fjölnota íþróttahúsi KR verði tekin í lok þessa árs. Byggingarnefnd hefur verið sett á laggirnar vegna uppbyggingar á húsinu á lóð KR í Vesturbæ Reykjavíkur.

Fjölnota íþróttahús er fyrsti áfangi í framtíðaruppbyggingu fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf í Vesturbæ. Þarfagreining vegna verkefnisins unnin út frá þörfum allra deilda félagsins. Samhliða þessu vinnur byggingarnefnd á vegum KR að heildaruppbyggingu svæðis. Í húsinu verður íþróttasalur, hálfur knattspyrnuvöllur með tveggja hæða hliðarbyggingu meðfram langhlið salar. Í hliðarbyggingu er gert ráð fyrir búninga- og tæknibúnaði, taekwondo-íþróttasal, fjölnota íþróttasal sem þjónustar deildir félagsins svo sem glímu, pílu og fleiri, skáksal, aðstöðu fyrir tónmenntaskóla með sex til átta skólastofum og önnur stöðrymi.

Hið fjölnota íþróttahús á að rísa á miðju KR-svæðinu og verður hluti af miklum uppbyggingaráformum þar. Þau fela meðal annars í sér byggingu 100 íbúða sem standa munu straum af kostnaði að hluta. Íþróttahúsinu svipar nokkuð til fjölnota húss sem byggt var nýverið á ÍR-svæðinu í Mjódd. ÍR húsið er 5.465 fermetrar en hús KR-inga verður öllu stærra, eða 6.772 fermetrar. Heildarkostnaður við bygginguna er áætlaður um 2.430 milljónir króna á verðlagi í febrúar 2023, að því er kemur fram í gögnum sem lögð voru fram í borgarráði.

Fyrirhugað íþróttahús mun nýtast eftirfarandi deildum félagsins með beinum hætti: Knattspyrnadeild, glímudeild, skákdeild, píludeild taekwondodeild, rafíþróttadeild, starfsemi fyrir eldri borgarar, hlaupahóp og tónmenntaskóla. Húsið mun einnig nýtist fleiri deildum með óbeinum hætti. Má þar nefna: körfuknattleiksdeild, handboltadeild, borðtennisdeild, skíðadeild, frjálsíþróttadeild, sunddeild, badmintondeild og keiludeild.



KR svæðið eins og það mun líta út eftir uppbyggingu.



HAUSTÖNN 2023
HEFST 11. SEPTEMBER

Skráning er hafin á dansskolibb.is

Reykjavík
Vesturbær
Grafarholt

Garðabær
Ásgarður

Kópavogur
Sporthúsið

DANSDEILD - SÖNGLEIKJADEILD - TÆKNITÍMAR -
BARNADANSAR - DANSKEPPNIR - DANSFERÐIR - TÆKIFÆRI

www.dansskolibb.is
dansskolibb
Dansskóli Birnu Björns

Nýjar haustvörur streyma inn



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is



Netverslun: systrasamlagid.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Á góðu verði
Verið velkomin

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Óvíst hvað verður um Grillið



Réttur frá Grillinu; Belon ostrur, laukar, rúgbrauð og dill frá velmeiktardögum þess.

Spurning er hvað verður um Grillið á gömlu Hótel Sögu en nú er unnið á fullu við að breyta húsnæðinu og laga það að starfsemi menntasviðs Háskóla Íslands. Grillið var í árána rás eitt fremsta veitingahús á landinu. Á efstu hæð Sögu með útsýni yfir Reykjavíkurborg.

Enn liggur ekki endanlega fyrir hvernig fornfræg veitingarými í húsinu verða nýtt. Ljóst mun þó vera að Súlnasalurinn verði meira og minna notaður fyrir kennslu og muni flokkast sem fjölnota salur. Ekki verði gert ráð fyrir veitingasölu í Súlnasal þar sem dansleikir, árshátíðir og jólaböll voru haldin um áratugaskeið. Hins vegar liggur fyrir að Mímisbar á jarðhæðinni og stórt eldhús sem honum fylgir verður nýttur fyrir veitingasölu. Það mun væntanlega verð gert í samvinnu við Félagsstofnun stúdenta og Hámu en mun ekki skýrast fyrir en í vetur. Sá rekstur mun væntanlega hefjast samhliða flutningum menntavísindasviðs í húsið.

Miðborgin

Íbúasamtök mótmæla bíla-stæðagjöldum



Hærri bílastæðagjöld og skemmri stöðutími mun hafa íþyngjandi fjárhagslegar og félagslegar afleiðingar fyrir íbúa segir m.a. í bréfi íbúasamtaka Miðborgarinnar.

Íbúasamtök miðborgar Reykjavíkur hafa mótmælt því sem þau kalla ólýðræðisleg vinnubrögðum sem borgaryfirvöld í Reykjavík hafi viðhaft þegar ákvörðun um breytingar á tilhögun bílastæðagjalda í miðborginni var tekin. Þetta má sjá í bréfi sem íbúasamtökin sendu til íbúaráðs miðborgar og Hlíða.

Samtökin hafa skorað á borgarstjórn Reykjavíkur að draga til baka breytingarnar auk óskar til borgaryfirvalda að gera ekki breytingar á fyrirkomulagi bílastæðagjalda í miðborginni nema að undan fari lýðræðislegt samráð við íbúa. Í bréfinu segir að breytingar á bílastæðagjöldum sé ljóst að þær muni hafa íþyngjandi fjárhagslegar og félagslegar afleiðingar fyrir íbúa og fjölskyldur þeirra. Á það sérstaklega við um íbúa gjaldsvæðis 1. Gagnrýnin íbúasamtakanna snýr þó ekki aðeins að fyrirhuguðum breytingum heldur einnig af framkvæmd málsins. Íbúar heyrðu fyrst af fyrirhuguðum breytingum í fjölmiðlum. Íbúar fengu þannig enga kynningu á breytingunum, eða tækifæri til þess að koma á framfæri athugasemdum eða breytingartillögum.

Sparkvöllur á Landakotstúni



Á þessari tölvumynd má sjá hvernig Landakotsreiturinn mun líta út að fyrirhuguðum framkvæmdum loknum.

Sparkvöllur mun verða byggður á Landkotstúni eftir að skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar samþykkti tillögu umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskípulagi Landakotsreits.

Samkvæmt breytingunni verða stærri svæði innan núverandi útivistarsvæðis skilgreind sem leik-, íþrótta- og dvalarsvæði. Tillagan var auglýst frá 15. júní til

27. júlí en engar athugasemdir bárust. Áformin hafa verið um breytingar útivistarsvæðinu frá 2021 þegar íbúaráð Vesturbæjar og skólastjóri Landakotsskóla kallað eftir bættri leikaðstöðu á svæðinu. Landakotstún er í eigu kaþólsku kirkjunnar sem veitt hefur leyfi fyrir umræddum framkvæmdum.

Borgarbókasafnið við Tryggvagötu

Ónæði af ógæfufólki

Starfsfólk Borgarbókasafns í Grófinni hefur upplifað ótta vegna ógæfufólks sem oft er í litlu jafnvægi þegar það kemur inn í safnið. Starfsfólk hefur jafnvel fengið líflátshótanir auk þess sem kalla hefur þurft lögreglu og sersveitina til þess að yfirbuga vopnaðan einstakling inni á safninu. Þessi mál hafa verið að koma upp á sama tíma og safnið er öllum opið. Ekki hafi verið orðið við ósk um að öryggisvörður sé viðstaddur öllum stundum á safninu.

Einhvers konar afskipti eru höfð af einstaklingum í viku hverri þó mun sjaldgæfara sé að fólk sýni ógnandi hegðun. Þó hefur þurft að kalla lögreglu til vegna fólks sem hefur sýnt ógnandi hegðun. Þá hefur þurft að kalla til sersveitar ríkislögreglustjóra vegna manns sem bar á sér eggvopn. Talsvert er um að fólk sem orðið hefur ógæfu að bráð sé á þessum slóðum og dæmi eru um að fólk hafi leitað sér svefnaðstöðu í bílajakallara við



Borgarbókasafnið við Tryggvagötu.

Vesturgötu 7 og jafnvel ráfað upp á íbúðarhæðir í húsinu. Þetta fólk er oft í mjög annarlegu ástandi vegna neyslu fíkniefna og gerir sér

ekki grein fyrir hvað það aðhefst. Borgaryfirvöld munu vera að skoða málið til að reyna að finna úrræði.



Netverslun: systrasamlagid.is

Hjólabrettagarðurinn sem nýr

Viðgerð fór fram á hjólabrettagarðinum á Miðbakka í sumar. Hjólabrettagarðurinn var fyrst tekinn í notkun sumarið 2020 en hann er hannaður af Eika Helgasyni, sem er atvinnumaður á snjóbretti og hefur haft hjólabrettið sem áhugamál og lífsstíl frá því seint á tíunda áratugnum.

Eiki tók meðal annars allar plötur af brautunum sem höfðu orðið fyrir skemmdum og sett nýjar í staðinn auk þess að mála. Hann annaðist þessar framkvæmdir að mestu einn en notið aðstoðar Halldórs bróður síns sem einnig er goðsögn í brettaheiminum. Þetta er fjórða sumarið sem Eiki og Halldór eru með hjólabrettagarðinn. Eiki segir að halda þurfi þessu við svo allt sé í lagi. Hann kveðst hafa þurft að loka til að geta annast viðgerðina, og það hafi margir sem hafi viljað renna sér orðið frá að hverfa en nú hafi skeitarar vonandi tekið gleði sína á ný.



Halldór og Eiki Helgasynir í Hjólabrettagarðinum á Miðbakka.

Mjólkurstöðvarhúsið verður íbúðahótel



Framtíðarhugmynd við Snorrabrautina.

Mynd: +Arkitektar

Áform eru um að endurbyggja gamla Mjólkurstöðvarhúsið við Snorrabraut 54 og breyta því í íbúðahótel. Félagið Rökkurhöfn ehf. hefur sótt um að láta vinna breytingu á gildandi deiliskipulagi vegna framkvæmdanna og hefur fengið heimild skipulagsfulltrúa.

Mjólkurstöðvarhúsið var byggt árið 1935 af Mjólkurfélagi Reykjavíkur eftir teikningum Einars Erlendssonar, húsameistara. Húsið er hannað í fúnkísstíl með klassískum áhrifum, steinsteyp, á tveimur hæðum með kjallara. Samkvæmt fasteignaskrá er stærð þess 986,8 fermetrar. Síðustu áratugina hafa fjölmörg fyrirtæki verið með starfsemi í húsinu. Má þar nefna Osta- og smjörsöluna, útvarpsstöðina Bylgjuna, OZ og Söngskólann í Reykjavík. Húsið nýtur verndar í grænum flokki samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur um verndum 20. aldar bygginga. Húsið setur svip á götumynd Snorrabrautar en því miður hefur viðhald vantað undanfarið og ásjúndin því nokkuð hrörleg í dag eins og kemur fram í umsögn verkefnastjóra skipulagsfulltrúa.

ÚTIVISTAR-REGLURNAR*

*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20

13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22

SAMAN

www.samanhopurinn.is

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

Mikið úrval

af blómum

við öll tækifæri!



blómagallerí

Hagamel 67 - 107 Reykjavík

S: 552 6070

Opið: mán - fös 9-18 / lau og sun 11-18

Frístundamiðstöðin Tjörnin

Leiklistar- og kvikmynda-námskeið



Krakkarnir með viðurkenningarskjölin sín í lok námskeiðsins.

Leiklistar- og kvikmyndanámskeið fyrir krakka í 5. til 7. bekk var haldið í Spennistöðinni á vegum Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar. Krakkarnir skálduðu sínar eigin persónur og bjuggu til stuttmyndir sem sýndar voru á lokahófi námskeiðsins. Á sólríkasta degi vikunnar var einnig farið í vettvangsferð í styttingar Einarssonar þar sem farið var í marga skemmtilega leiki. Leiðbeinendur voru Anna Magga, Egill, Gissur og Haffi. Algjörlega frábær vika með einstaklega skemmtilegum hóp.

Írlandsferð Gleðibankans og 100og1



„Vigdís og Beljan“ á Írlandi.

Ungmennni úr feministaklúbbunum Vigdís og Beljuni í félagsmiðstöðvunum Gleðibankanum og 100og1 skruppu í ungmennaskiptaferð til Írlands á dögunum þar sem þau hittu fyrir írsk ungmenni úr félagsmiðstöðinni Belvedere Youth Club í Dublin. Markmið ferðarinnar var að kynna félagsmiðstöðvastafrí þar og kynna sér leiðtogaþæfni í gegnum hin ýmsu verkefni. Ásamt því að heimsækja Belvedere Youth Club fékk hópurinn tækifæri á að ferðast um Írland en hópurinn gisti meðal annars á sveitasetri með hestum, asna og hundum þar sem farið var í bogfimi,

klifur, go kart, ratleik, hópefli og kveikt upp í varðeldi þar sem íslenski hópurinn söng íslensk dægurlög fyrir írsku hópinn og það hástöfum. Í Dublin heimsótti hópurinn meðal annars sýndarveruleikadeild háskólans í Dublin þar sem þau fengu tækifæri á að leysa alls kyns skemmtileg verkefni í gegnum sýndarveruleika. Ferðin var virkilega vel heppnuð og hópurinn tróð sér vel út fyrir boxið og lærði í leiðinni alveg heilan helling. Þau komu reynslunni ríkari heim og voru alsæl með ferðina.

Markaður á Eiðistorgi 2. september

Markaður verður í Eiðistorgi laugardaginn 2. september. Mæðgurnar Alexandra Hermannsdóttir og Iris Gústafsdóttir hárgreiðslukona á Nesinu hafa veg og vanda af markaðnum.



Þær stóðu fyrir markaði á Eiðistorgi á liðnu vori sem heppnaðist ágætlega. Alls voru 34 sölubásar sem allir urðu allir fullbókaðir. Þær ákváðu að ef markaðurinn á liðnu vori gengi vel að endurtaka hann með haustinu. Nú verður það raunin og gera má ráð fyrir viðlíka fjölda sölubása. Með þessu vilja þær hleypa meira lífi á torgið. Fá fólk til að koma saman, versla og hafa gaman af. Með þessu eru þær að endurvekja markaðsstarf sem var á Eiðistorgi fyrir rúmum áratug og heppnaðist vel. Nú er um að gera að notfæra sér samkomuna og streyma á torgið.



Laugarnar í Reykjavík

Fyrir

líkama

og sál



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Safnabryggja í Vesturbugt



Dráttarbáturinn Magni og Varðskipið Þór við Safnabryggjuna í Vesturbugt.

Ný trébryggja var vígð í Vesturbugt hjá Sjóminjasafninu í Reykjavík að morgni sl. laugardags eða að morgni menningarnætur. Nýja bryggjan hefur fengið nafnið Safnabryggja.

Nýja bryggja kemur í stað bryggju frá upphafsárum þróunar og uppbyggingu

Grandagarðs um miðbik síðustu aldar og hefur borið nafnið Óðinsbryggja.

Dráttarbáturinn Magni og safnskipið Óðinn liggja við hina nýju bryggju og eru til mikillar prýði fyrir umhverfi Reykjavíkurhafnar segir í tilkynningu á vef Faxaflóahafna.

Vesturbæjarblaðið

Auglýsingasími: 511 1188

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstyringu?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtukerfi?



• EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

TAKTU MÝKTINA MEÐ!



Taktu mýktina með

Allskonar góðar jóga/æfingadýnur fyrir haustið. Settu þér góðan ásetning og taktu mýktina með.



Tryggðu næringargrunninn með hinum vönduðu Viridian
Ef grunnnæringin er í lagi á líkaminn svo miklu auðveldara með að heila sig sjálfur.

3JA DAGA
ENDURRÆSINGAR



"Ekki bara líkaminn sem endurnærðist, maginn róðist, sálin varð léttari og mér fannst ég hreinlega svífa um. Ótrúlega bragðgott og vel uppsettir dagar. Gæti hreinlega orðið háð þessum stíl systranna." Þórunn Dógg ráðgjafi og þúsundþjalasmiður.

3ja daga endurræsing

Kynntu þér hina vinsælu og ljúfu 3ja daga endurræingu sem fram fer í september og október. Sala á plássum hafin.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Íbúðir í stað ráðuneytis-skrifstofa



Rauðarárstígur 27.

Áform eru uppi um að breyta skrifstofuhúsnæði við Rauðarárstíg 27. Utanríkisráðuneytið hefur haft afnot af húsnæðinu en með flutningi þess á nýjan stað í Landsbankahúsinu við Austurhöfin mun þetta húsnæði losna. Húsið við Rauðarárstíg er eitt af þeim þar sem kallað verður eftir nýju hlutverki þegar skrifstofuhald flyst eða dregst saman.

Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur stendur húsið á skilgreindu miðborgarsvæði þar sem ráð er gert fyrir blandaðri byggð m.a. skrifstofum stofnana og gistiþjónustu. Ekkert deiliskipulag er fyrir hendi um þetta svæði eða reit og vegna þess þarf að grenndarkynna allar breytingar. Í umsögn skipulagsfulltrúa frá 2021 var ekki lagst gegn því að breyta efri hæðum í íbúðir. Í erindi sem nýverið barst bygginga-fulltrúa var sótt um leyfi til að innrétta sex íbúðir á hverri hæð eða alls 18 íbúðir. Atvinnurekstur hefur verið á jarðhæð hússins þar á meðal veitingastarfsemi.

Skilað hefur verið inn teikningum sem uppfylla þau skilyrði sem beðið var um. Við lóðahönnun hafa hins vegar ekki verið gerðar ráðstafanir sem taka tillit til breyttrar notkunar hússins. Þar sem húsið verður íbúðarhúsnæði þarf að gera ráðstafanir á lóð til að tryggja gæði nærumhverfis. Þar sem íbúðarhúsnæði er byggt innan blandaðra atvinnuhverfa þarf að huga sérstaklega að umhverfis-gæðum við hönnun húsnæðis og lóðar. Endurhanna þarf lóðina þar sem gert er ráð fyrir dvalarsvæði fyrir íbúa með gróðri og blágrænum ofanvatnslausnum til að gera umhverfið aðlaðandi til búsetu.

Foreldramorgnarnar á Eiðistorgi

Okkur í Óskanda finnst gaman að vera hluti af samfélaginu í hverfinu okkar og eitt skref í þá átt er að bjóða upp á foreldramorgna á föstudögum sem við köllum Kríladans, segir Guðrún Óskarsdóttir skólastjóri Óskanda. Samverustundin er ókeypis og allir sem hafa áhuga geta skráð sig á heimasíðunni okkar, danskardurinn.is/orskandi. Við erum búin að auka við tímum á haustönn þar sem færri komust að en vildu á síðustu önn. Í vetur skiptum við hópnum eftir þroska til að þjóna hverju þroskastigi betur. Kríladans 1 er fyrir börn og foreldra barna sem eru 2 mánaða þar til þau eru að byrja að skriða og Kríladans 2 er fyrir börn og foreldra barna sem eru farin að skriða og þar til þau eru farin að ganga.

Það sem gerir þessa tíma ólíka sumum öðrum foreldramorgnum er að sami hópurinn hittist vikulega í nokkrar vikur, áherslan er á barnið og hreyfiproskaferlið sem börn fara í gegnum fyrsta árið. Við byrjum samverustundina á frjálsum



leik og spjalli og svo syngjum við, dönsum og leikum saman. Foreldramorgnanir eru líka kjörið tækifæri til að hitta aðra foreldra með ung börn og afar, ömmur og frændur, frænkur og aðrir ummönunaraðilar eru auðvitað velkomin líka, segir Guðrún.

Óskandi er nú að hefja sitt fimmta starfsár. Skólinn hefur frá byrjun haft það að leiðarljósi að bjóða upp á jákvætt, faglegt og uppbyggilegt umhverfi þar sem



boðið er upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir börn og fullorðna. Við erum hluti af stærri heild þar sem Óskandi er hluti af Dansgarðinum sem einnig samanstendur af Klassíska listdanskólanum, Dansi fyrir alla og ungmennadansflokknum Forward. Það er spennandi vetur framundan í Dansgarðinum og við hlökkum til að byrja nýtt dansár, segir Guðrún.

Er kominn tími til að gera eitthvað?

Ný námsleið og námskeið hjá Hringsjá

Hringsjá býður úrval af öðru-vísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.

Daglegt líf með ADHD

Aukin þekking og skilningur á ADHD. Betri leiðir til að takast á við algenga erfiðleika sem oft fylgja ADHD eins og til dæmis skipulagsvanda, frestun, tímablindu, hvatvísi og gleymsku.

Geðheilsa og lífsgæði

Kenndar leiðir til að bæta líðan og lífsgæði með árangursríkum hætti.

Ná betri tókum á reiði og öðrum tilfinningum

Fræðsla um reiði, líkamleg einkenni hennar, hugsanir og aðrar erfiðar tilfinningar. Kenndar eru leiðir til að ná tókum á erfiðum hugsunum, tilfinningum og viðbrögðum.

Matsbraut – ný námsleið

Tveggja mánaða námsleið fyrir þá sem þurfa að auka daglega virkni og sem stefna á nám. Dagskráin miðar að því að styrkja sjálfsmynd þátttakenda og stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms eða starfs. Nálgun er einstaklingsmiðuð og efnistök fjölbreytt.



Hringsjá
Náms- og starfsendurhæfing

Upplýsingar og skráning
í síma 510 9380 eða
á staðnum að Hátúni 10d.

Heimasíða: www.hringsja.is
Netfang: hringsja@hringsja.is
Facebook: facebook.com/hringsja

Á Hjalparstímanum 1717 starfa sérþjálfarar sjálfbæðisár sem eru alltaf til taks

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

3. flokks kvenna í Gróttu/KR í fótbolta

USA Cup Gold sigurvegarar



Stelpurnar í 4. flokki Gróttu/KR.

17. júlí síðastliðinn var merkisdagur í lífi 3. flokks kvenna í Gróttu/KR, en þá héldu þær til Bandaríkjanna til að taka þátt í USA Cup í Minnesota. Spennan lá í loftinu þegar þær stigu upp í rútuna við KR-heimilið og eftirvæntingin og stemmningin leyndi sér ekki enda einstaklega flottur hópur að leggja upp í spennandi ferð. Þrátt fyrir langt ferðalag stóðu stelpurnar sig einstaklega vel og komu á heimavistina við Háskólann í Minnesota að kvöldi, vel preytar, en alltaf með bros á vör.

USA Cup er stórt og vinsælt mót þar sem yfir 1.200 lið frá öllum heimshornum taka þátt. Stelpurnar voru með tvö lið á mótinu og lið 1 átti fyrsta leik strax kl. 09:00 morguninn eftir svo vekjaraklukkurnar stóðu vaktina þá nóttina eins og næstu nætur á eftir. Stelpurnar létu það ekki á sig fá og mættu galvaskar í fyrsta leik á móti Twin Cities, sem þær unnu mjög sannfærandi 9-0. Lið 2 stóð sig ekki síður vel þennan fyrsta dag með glæsilegum 10-1 sigri á móti Minnesota United. Það er því óhætt að segja að stelpurnar hafi stimplað sig rækilega inn í mótið strax frá upphafi. Næstu daga mættu þær fleiri liðum frá Ameríku, en einnig liðum frá Noregi og Hawai. Eins og þeim einum er lagið lögðu þær sig fram í alla sína leiki og uppskáru eftir því þrátt fyrir að vera aðeins með einn varamann í hvoru liði og að spila við allt aðrar aðstæður en þær eru vanar, þ.e. í miklum hita og raka. Vatn og Gatorade sinnti stóru hlutverki við hliðarlínuna og kaldar vatnssturtur í öllum pásam gerðu gæfumuninn. Það má því segja að frammistaðan hafi verið enn meira þrekvirk fyrir okkur Íslendingana, en lið 1 vann alla sína leiki á mótinu og endaði sem USA Cup Gold meistarar 2023 í 16 ára flokki með markatöluna 28-3. Lið 2 vann sína leiki í 16 ára Silver flokki fram að 8-liða úrslitum, þar sem það mætti sterku liði Fylkis. Þær voru aðeins hársbreidd frá sigri í þeim leik, en töpuðu í framlengingu 0-1 eftir frábæra frammistöðu og enduðu



með markatöluna 15-3.

Auk hetjulegrar frammistöðu á mótinu sjálfu voru stelpurnar til fyrirmyndar utan vallar einnig. Bros, hlátur og skemmtun einkenndi hópinn og ýmislegt var brallað þegar tími gafst, en stelpurnar skelltu sér m.a. í Twin Cities Premium Outlets að versla, Mall of America, í bíó á Barbie, á Cheesecake factory og ekki má gleyma nokkrum ferðum í Target og á McDonalds. Þær upplifðu einnig óvænta rauða veðurviðvörðun, sem var í þetta sinn ekki vegna íslensks ofsavæðurs heldur vegna eldingahættu. Sú veðurviðvörðun seinkaði úrslitaleik liðs 1 um nokkrar klukkustundir, en stelpurnar létu það nú ekki slá sig út af laginu ekkert frekar en neitt annað.

Það má með sanni segja að þessi vikuferð hafi skapað stútfullar fjársjóðskistur af dásamlegum minningum fyrir stelpurnar allar en einnig fyrir þjálfara, farastjóra og þá foreldra sem fylgdu. Það er enginn vafi að þessi hópur á framtíðina fyrir sér og við erum öll virkilega stolt af þeim enda virkilega flottar fyrirmyndir allar sem ein.

Firmagolfmót knattspyrnudeildar KR 2023

Föstudaginn 8. september á Nesvelli
Ræst út af öllum teigum kl 13:00 - spilaðar verða 18 holur

Nánari upplýsingar og skráning hjá Ólafi í síma 865-8515

GETRAUNARÚMER KR

107

1X2
GETRAUNIR.IS

við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADÍ fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

HRADÍ

FYRIRTAK
málningarþjónusta

TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

VISA Mastercard LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

DARTVÖRUR Í ÚRVALI

Ping Pong.is **unicorn**

Síðumúla 35 (gengið inn að aftan) - Sími 568 3920 & 897 1715



HALLGRÍMSKIRKJA

TÓNLEIKAR HAUST 2023 | CONCERTS AUTUMN 2023

HÁDEGISTÓNLEIKAR | Matinée

Laugardagur 2. september kl. 12

Saturday September 2nd at 12 hrs

Duo Barazz –

Lára Bryndís Eggertsdóttir *orgel / organ*

Dorthe Højland *saxófónn / saxophone*

Aðgangseyrir / Admission ISK 2.500

ARCHORA - SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS ARCHORA - ICELAND SYMPHONY ORCHESTRA

Föstudagur 6. október kl. 18 / Friday 6th at 18hrs

Bryndís Guðjónsdóttir *sópran / soprano*

Kór Hallgrímskirkju / The Choir of Hallgrímskirkja

Steinar Logi Helgason *kórstjóri / choir conductor*

Björn Steinar Sólbergsson *orgel / organ*

Eva Ollikainen *stjórnandi / conductor*

Aðgangseyrir / Admission ISK 4.900

HÁDEGISTÓNLEIKAR | Matinée

Laugardagur 7. október kl. 12

Saturday October 7th at 12hrs

Steingrímur Þórhallsson *orgel / organ*

Pamela De Sensi *flauta / flute*

Aðgangseyrir / Admission ISK 2.500

MOZART REQUIEM – SING ALONG

Óperudagar í Hallgrímskirkju / Opera days in Hallgrímskirkja

Sunnudagur 22. október kl. 17 / Sunday October 22nd at 17 hrs

Bryndís Guðjónsdóttir *sópran / soprano*

Guja Sandholt *messósópran / mezzo soprano*

Gissur Páll Gissurarson *tenór / tenor*

Jóhann Smári Sævarsson *bassi / bass*

Lára Bryndís Eggertsdóttir *orgel / organ*

Steinar Logi Helgason *stjórnandi / conductor*

Aðgangseyrir / Admission ISK 2.500

HÁDEGISTÓNLEIKAR | Matinée

ICELAND AIRWAVES

Laugardagur 4. nóvember kl. 12

Saturday November 4th at 12hrs

Arngerður María Árnadóttir *orgel / organ*

Una Sveinbjarnardóttir *fiðla / violin*

Gestir / guests

David Þór Jónsson *píanó / piano*

Skúli Sverrisson *rafmagnsbassi / electric bass*

Aðgangseyrir / Admission ISK 3.000

MAURICE DURUFLÉ – REQUIEM

ICELAND AIRWAVES

Sunnudagur 5. nóvember kl. 17

November 5th at 17hrs

Hymnodia Kammerkór & Kammerkór Norðurlands

Hildigunnur Einarsdóttir *messósópran / mezzo soprano*

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir *selló / cello*

Eyþór Ingi Jónsson *orgel / organ*

Guðmundur Óli Gunnarsson *stjórnandi / conductor*

Aðgangseyrir / Admission ISK 3.900

LISTAHÁSKÓLINN Í HALLGRÍMSKIRKJU

Iceland University of the Arts

Laugardagur 18. nóvember kl. 14

Saturday November 18th at 14 hrs

Ókeypis aðgangur / Free entry

HEIÐURSTÓNLEIKAR | Honorary concert

Hörður Askelsson sjötugur / 70 years

Sunnudagur 26. nóvember kl. 17

Sunday November 26th at 17.00

Ókeypis aðgangur / Free entry

HALLGRÍMSKIRKJA - ÞINN STAÐUR!